

Bindandi samkomulag um nýjan miðbæ í Þorlákshöfn

Miðvikudaginn 11. maí undirrituðu fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfus og fulltrúar framkvæmdafélagsins Arnarhvals samkomulag um byggingu miðbæjar í Þorlákshöfn. Samkomulagið byggir á gildandi aðalskipulagi með áherslu á hvernig nýta má svæðið í kringum Selvogsbrautina til að skapa manneskjulegan og fall-egan miðbæ.

Hinn nýji miðbær mun rýsa norðan Selvogsbrautar. Hann mótast af 200 metra langri göngugötu þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á skrifstofum, verslunum, þjónustu og íbúðabyggð auk nauðsynlegra opinna svæða og torga sem styðja við mannlíf og menningu. Þá stefna aðilar samkomulagsins að samvinnu um byggingu fjölnota menningarsalar í hinum nýja miðbæ sem ef af yrði myndi m.a. nýttast fyrir tónlistarviðburði og til sýninga á



Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi og Karl Þráinsson, framkvæmdastjóri Arnarhvals.

listmunum, ljósmyndum, safnamunum og fl.

Samkomulagið við Arnarhvol er með þeim hætti að Arnarhvoll skuldbindur sig til uppbyggingar hins nýja miðbæjar á grundvelli deiliskipulags sem aðilar vinna í sameiningu þannig að á svæðinu rísi eftirsóknarverð, hagkvæm og aðlaðandi byggð sem styrki Sveitarfélagið Ölfus í sessi sem eftirsóknar-

verðan búsetukost. Skýrt er tekið fram að skipulagsvaldið er eftir sem áður allt á hendi sveitarfélagsins eins og vera ber. Þá greiðir Arnarhvoll allan kostnað við framkvæmdina þar með allan kostnað við gatnagerð, götulýsingu, yfirborðsfrágang og fl.

„Þorlákshöfn hefur vaxið hratt á seinustu árum. Þar hefur mikil áhersla verið lögð á uppbyggingu atvinnulífsins og mörg lofandi verkefni sem þegar er byrjað að vinna að. Í samfélaginu er ríkur vilji til að standa vel að uppbyggingu og sterk vitund um mikilvægi þess að saman fari fjölgun íbúa og uppbygging á mannlífi, menningu og þjónustu. Arnarhvoll hefur metnað til að taka þátt í þessari uppbyggingu með íbúum og stjórnendum sveitarfélagsins,“ segir Karl Þráinsson, framkvæmdastjóri Arnarhvals.

„Í framhaldi af uppbyggjandi

samtali milli sveitarfélagsins og Arnarhvals, um m.a. þá miklu uppbyggingu sem hér er að eiga sér stað lýsti Arnarhvoll áhuga sínum á að standa að metnaðarfullri uppbyggingu nýs miðbæjar-arkjarna í Þorlákshöfn. Við sem hér búum þekkjum vel hversu öflugt mannlífið í Þorlákshöfn er. Nýi miðbærinn okkar mun

án vafa bjóða upp á umhverfi sem laðar til sín fólk, eykur þjónustustigið og eflir mannlíf og menningu. Ég er bjartsýnn á að við getum lokið hönnun og skipulagi á þessu svæði núna strax í haust og fljótlega upp úr því geti framkvæmdir hafist,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss.



Local hefur opnað á Selfossi

Veitingastaðurinn Local opnaði glænýjan veitingastað í sama húsnæði og Lyfa, við Austurveg 44 síðastliðinn fimmtudag. Á Local er áhersla lögð á að bjóða hollan og ferskan skyndi-

bita sem samanstendur aðallega af salötum, samlokum og súpum, en viðskiptavinir geta sett saman yfir 100.000 mismunandi tegundir af salötum úr salatbarnum sem er helsta

einkenni staðarins. Fyrsti Local staðurinn opnaði árið 2013 í Borgartúni í Reykjavík og síðan þá hafa 5 staðir bæst við, en nýji staðurinn er sá fyrsti sem opnar utan höfuðborgarsvæðisins.

Mikil gróska í byggingu íbúðarhúsnæðis í Vík

Gera má ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við byggingu 32 íbúða í Vík á þessu ári. Nú standa yfir framkvæmdir við 7 íbúðir í vestur hluta Víkur og vinna er er hafin við 12 íbúða fjölbýlishús við Sléttuveg. Fleiri lóðum hefur verið úthlutað sem vænta má að framkvæmdir hefjist á á næstu mánuðum. Vonir standa til þess að þetta muni létt á þeirri þörf sem er á húsnæðismarkaði en huga þarf að fjölbreyttari húsnæðiskosti. Eins og hefur komið fram, þá hefur Mýrdalshreppur skrifað undir viljayfirlýsingu við Húsnæðis-



og mannvirkjastofnun varðandi samstarf um byggingu íbúða t.d. með stofnframlagi sem auðvelda fyrstu kaup, leigubúðir í almenna kerfinu og svo íbúðir reknar af opinberu leigufélagi. Stefnt er að því að það verkefni fari af stað strax eftir kosningar.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is





Matkráin vill ráða starfskraft í eldhús. Í starfinu felast ýmis störf tengd matreiðslu auk þrifa og uppvasks.

Kyn, þjóðerni og aldur skiptir ekki máli, en vinnugleði og stundvísi vega þungt.

Upplýsingar á staðnum eða í síma 483 1105 eða 898 4909

Matkráin
Breiðumörk 10
Hveragerði.

Þórsvegur og Upplýsingaskilti að Flóðgátt Flóaáveitunnar

Laugardaginn 21. maí nk. klukkan ellefu verður nýtt upplýsingaskilti afhjúpað að Flóðgátt Flóaáveitunnar upp við vegamótin á Brúnastaðavegi þar sem farið er inn á Þórsveg. Þórsvegur liggur eftir ruðningi Vélaskurðarins austur að inntaksmann-virki Flóaáveitunnar, á Brúnastaðafloðum. Upplýsingaskiltið er hannað af Birni G. Björnssyni hönnuði.

Vegurinn sem liggur að Flóðgáttinni fær nú nafnið Þórsvegur, í höfuðið á Þór Vigfússyni skólastjóra Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi. Þór var frumkvöðull og tillögumaður að vegagerðinni en hann var oft leiðsögumaður hópa sem fóru að skoða Flóðgáttina og fræðast um Flóaáveituna, en veginn vígði Ögmundur Jónasson samgönguráðherra á 85 ára afmæli Flóaáveitunnar árið 2012. Þar flutti Þór eina af sínum síðustu ræðum sem var eftirminnileg, en hann lést 2013. Þór var sagnamaður, hann sagði gjarnan að fyrsti

tunglfarinn Neil Armstrong hefði bætt við eftir að hafa sagt „Þetta er lítið skref fyrir mann en risastökk fyrir mannkynið.“ Ég sé tvö mannvirki á jörðinni, annað er Kínamúrinn og hitt er Flóaáveitan.

Hildur Hákonardóttir hannyrðakona og ekkja Þórs mun afhjúpa skiltið, við hátíðlega athöfn kl. 11.00 á laugardaginn kemur. Ragnheiður Gló Gylfadóttir fornleifafræðingur flytur ávarp. Framkvæmdir við Flóaáveituna hófust hinn 7. maí 1922 fyrir eitt hundrað árum. Þá jókst grassprettan og hefyndur í Flóanum. Mjólkur-kúnum fjölgaði og mjólkinn óx. Mjólkurbú Flóamanna reis og tók til starfa 1929 en það hefur verið endurreist í miðbæ Selfoss. Kaupfélag Árnesinga tók til starfa 1930 og Selfossbyggðin óx og dafnaði í framhaldinu og „smjör draup af hverju strái,” í Flóanum. Sá hinn merki maður Egill Thorarensen varð kaupfélagsstjóri og leiddi þessi systurfyrirtæki næstu þrjátíu árin.



Guðni Ágústsson

Ferðafélag Íslands efnir til göngu að Flóðgáttinni að athöfn lokinni, fótafúnir aka. Þar mun stjórn Flóaáveitufélagsins opna fyrir áveituvatnið úr Hvítá inn á kerfi áveitunnar með dúnkröftum, tilkomumikil sjón. Allir eru velkomnir að taka þátt í athöfninni og göngunni að Flóðgáttinni undir leiðsögn Flóamannanna Guðna Ágústssonar og Guðmundar Stefánssonar ásamt Birgi Jónssyni jarðfræðingi.

NÚ GETURÐU LÁTID DRAUMINN RÆTAST

UMFÍ leitar að skemmtilegu starfsfólki í Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni. Þangað koma mörg hundruð ungmenni úr 9. bekk grunnskóla af öllu landinu á hverju skólaári.

Leiðbeinandi:

Háskólapróf kostur en ekki skilyrði. Brennandi áhugi á því að vinna með ungmennum. Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði. Gleði og létt lund.

Kátur matráður í mótuneyti:

Ástríðu fyrir því að elda góðan og hollan mat á hverjum degi. Gleði og hamingju yfir pottum og pönnum. Sveigjanleika í öllum verkefnum.

Allt starfsfólk þarf að uppfylla skilyrði Æskulýðslaga um starf með börnum og hafa hreint sakavottorð.

Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður Ungmennabúða UMFÍ, veitir upplýsingar í síma 861 3379.

Umsóknir sendist á siggi@umfi.is fyrir 31. maí næstkomandi.

UMFÍ

Opið málþing SIGURHÆÐA – tíðinda að vænta

Forsetafrú Íslands, Eliza Reed, mun flytja setningarávarp á opnu málþingi SIGURHÆÐA – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi – sem haldið verður 19. maí nk. á Hótel Selfossi og ber yfirskriftina Fram úr björtustu vonum. Þá mun félagsmálaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson einnig ávarpa málþingið.

Málþingið er haldið í tilefni þess að SIGURHÆÐIR hafa núna verið starfandi í meira en eitt ár, en fyrst og fremst í tilefni þess að kynnt verður í fyrsta skipti óháð úttekt Kristínar Önnu Hjálmsdóttur frá Háskóla Íslands á starfseminni. Kristín, sem hefur mikla reynslu af sambærilegum úttektum, hefur fylgt SIGURHÆÐUM frá undirbúningsstigi og í innleiðingunni allt fram á þennan dag. Í kynningunni kemur fram mat samstarfsaðila, skjólstæðinga og fleiri á árangri SIGURHÆÐA og nýting á þjónustunni. Tilgangurinn með matinu er að veita vísbendingar um hvernig æskilegt sé að þróa SIGURHÆÐIR til framtíðar, en ekki síst að veita styrkveitendum og samstarfs-

aðilum sem í flestum tilfellum eru opinberir aðilar á Suðurlandi, gegnheilar upplýsingar til að byggja stefnumörkun sína gagnvart SIGURHÆÐUM á.

Á málþinginu verður einnig gerð grein fyrir nálgun SIGURHÆÐA í meðferðarstarfinu, en SIGURHÆÐIR hafa þá miklu sérstöðu miðað við sambærileg úrræði á landinu að veita sérhæfða meðferð sem bæði fer fram í hópastarfi og í EMDR áfallameðferð.

Að SIGURHÆÐUM standa öll sunnlensku sveitarfélögin

fimmtán, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, lögregluembættin á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, sýslumannsembættin á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, Kvennráðgjöfin og Mannréttindaskrifstofa Íslands auk Soroptimistaklúbbs Suðurlands.

Málþingið er öllum opið og eru nánari upplýsingar á Facebook-síðu SIGURHÆÐA.

Hildur Jónsdóttir
verkefnisstjóri SIGURHÆÐA

SIGURHÆÐIR			
Fram úr björtustu vonum			
Málþing um árangur Sigurhæða á fyrsta starfsári þeirra. Fimmtudaginn 19. maí kl. 10:00–15:00 á Hótel Selfossi.			
10:00–10:10	Setning Jóna Ingvaldóttir, formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands	12:00–13:00	NÁTARLÍL
10:10–10:20	Ávarp Eliza Reed, forsetafrú	13:00–13:20	Karlmennska á strandstað Hólar Kristjánsson, jafnréttisráðgjafi
10:20–10:25	Samstaða Soroptimista Halldís Karðadóttir, forseti Sorseti Soroptimistaklúbbs Suðurlands	13:20–13:50	Að vinna með gerendum Hjörtur Jónsdóttir, sálfræðingur hjá Hótel Selfossi
10:25–10:45	Fram úr björtustu vonum Hildur Jónsdóttir, verkefnisstjóri Sigurhæða	13:50–14:10	Forvarnarstarf gegn kynferðisofbeldi gagnvart börnum Jóna Þjörðadóttir, verkefnisstjóri íslenzka verkfæra hjá Barnabálum
10:45–11:10	Nálgun Sigurhæða Elisabet Lönnge, meðferðarstjóri Sigurhæða	14:10–14:50	Samræður við sal Pinnó
11:10–11:35	EMDR áfallameðferð Hvernig hefur tekið til? Júlíanna Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur áfallameðferðar Sigurhæða	14:50–15:00	Lokaávarp Guðmundur Ingi Guðbrandsson, lög- og vinnuáhræðingur
11:35–12:00	Frá hugmynd til framkvæmdar Þrá mat á undirbúningi og innleiðingu Sigurhæðaverkefnisins. Kristín Anna Hjálmsdóttir kynjafræðingur	Málþingsstjóri er Elín Þjörg Jónsdóttir, fyrrverandi formaður BSRE og núverandi formaður Jafnréttissjóðs Íslands.	



BUXNADAGAR

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BUXUM


MIÐVIKUDAG 18. MAÍ - ÞRIÐJUDAGS 24. MAÍ

TISKUVERSLUN.IS - AFSLÁTTARKÓÐI ER BUXUR20

LINDIN

TISKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Fyrsti þáttur Hugvarpsins er kominn í loftið

Hugrún geðfræðslufélag er að gefa út hlaðvarp að heitinu Hugvarpið en fyrsti þátturinn var birtur þann 13. maí. Félagið er rekið í sjálfbæðaliðastarfi af háskólanemum og snýr öll starfsemi félagsins að því að bæta geðheilsu ungmenna á Íslandi og auka aðgengi að upplýsingum um geðheilsu. Þetta er gert með hópi sjálfbæðaliða sem heldur staðlaðan fyrirlestur í öllum framhaldsskólum landsins, auk félagsmiðstöðva. Starfið hefur gengið vel en með Hugvarpinu vonumst við til þess að ná til stærri hóps og auka aðgengi að geðfræðslu.

Nú sem aldrei fyrr er sérlega mikilvægt að hlúa að geðheilsunni, þekkja helstu einkenni geðraskana og vita hvert á að leita ef eitthvað kemur upp. Uppbygging Hugvarpsins svipar til vefsíðunnar okkar, geðfræðsla.is. Á síðunni er fræðsluefnið sett fram með skýrum hætti og á mannamáli. Vefsíðan er á íslensku, ensku og pólsku. Markmið okkar með hlaðvarpinu er að gera þetta fræðsluefni aðgengilegra, þar sem væri hægt að hlusta og læra meira um geðheilbrigði og geðraskanir hvar sem er, hvort sem það er í strætó, ræktinni eða annað.

Hugrún geðfræðslufélag telur geðfræðslu gríðarlega mikilvæga þar sem hún getur aukið vitneskju, dregið úr fordómum, dregið úr alvarleika vandans og auðveldað ungu fólki að leita til einhvers sem þau treysta þegar þau upplifa andlega erfiðleika. Í hlaðvarpinu verður fjallað almennt um geðheilbrigði, geðraskanir og ýmsa áhrifaþætti. Við höfum fengið til liðs við okkur fagaðila úr öllum áttum til að miðla þekkingu sinni áfram. Þáttastjórnendur eru þær Karen Geirsdóttir, fyrrum formaður Hugrúnar, og Þóra Jóhannsdóttir, nýkjörinn formaður Hugrúnar.

Tölum meira um geðheilsu! Vefsíðu félagsins má finna á gedfraedsla.is



VÍNBÚÐIN HVERAGERÐI

SUMAR VINNUR ERU SKEMMTILEGRI EN AÐRAR

Lífleg sumarvinna fyrir tvítuga og eldri



Vínbúðin Hveragerði leitar að jákvæðum og röskum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er breytilegt eftir þörfum.

Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is
Nánari upplýsingar: Ragnheiður Guðmundsdóttir, hveragerdi@vinbudin.is – 560 7887
og Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna fyrirtækisins er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



Vornámskeið í sundi

fyrir 5 og 6 ára börn (skólabörn velkomin)
verður í Sundhöll Selfoss 7.-16. júní (kennt á morgnana)

Byrjendanámskeið í ungbarnasundi verður
haldið frá 26.maí til 15. júní.
Kennt 2 x í viku flestir tímar á morgnana virka
daga.

Skráning á bæði námskeiðin er hafin á
guggahb@simnet.is og í s-848-1626

Guðbjörg H. Bjarnadóttir íþróttakennari



Hátíðisdagur við Flóaáveituna á Brúnastaðaflosum

Nýtt upplýsingaskilti verður afhjúpað að Flóaáveitunni á Brúnastaðaflosum laugar-
daginn 21. maí n.k. kl 11.00. Athöfn
verður við Þórsveg sem fær nafn og liggur
að Inntaksmannvirkinu að Flóaáveitunni af
Brúnastaðavegi við Vélaskurðinn. Hildur
Hákonardóttir hannyrðakona afhjúpar
skiltið og Ragnheiður Gló Gylfadóttir forn-
leifafræðingur flytur ávarp. Gengið verður
eftir Þórsvegi að athöfn lokinni 2,5 km eða
ekið, þar verður opnað fyrir áveituvatn
úr Hvítá í Vélaskurðinn og á áveitukerfið.
Leiðsögumenn göngunnar verða Guðni
Ágústsson og Guðmundur Stefánsson allir
velkomnir. Ferðafélag Íslands efnir til gön-
gu með Flóamönnum.

Stjórn Flóaáveitufélagsins



Svo miklu meira en bókabúð

Gunnlaugur Ingimarsson, iðu-
lega kallaður Gulli, lætur
verkin tala. Gulli stofnaði Bóka-
búð Gulla og Pósthúsið í febrúar
árið 2018. Seinna buðst honum
líka að taka við nytjamarcaðnum
á staðnum svo Gulli er nú sem
fyrir segir Pósthústjóri og bóka-
búðareigandi, ásamt því að sjá
um nytjamarcaðinn og veglega
skrifstofuna sína. Gulli hefur
búið á Sólheimum síðastliðin
fjögur ár, en þar áður bjó hann
í Reykjavík og flutti um tíma á
Selfoss áður en hann settist að í
Grímsnesinu.

Þegar Gulli flutti til Sólheima
lét hann reyna á ýmislegt en fann
sig ekki á vinnustofunum. Hann
segist þar af leiðandi hafa farið
að velta því fyrir sér hvað vantaði
inn í samfélagið og úr því varð
Bókabúð Gulla og Pósthúsið til.
„Sólheimar í Grímsnesi er staður

með góðum félagsskap og starfs-
fólki sem veitir þjónustu til þeirra
sem þurfa.“ Sólheimar sáu áður
um rekstur pósthússins.

Það er bjart framundan að
mati Gulla, en Menningarveislan
á Sólheimum hefst í júní og
er hann viss um að henni fylgi
aukinn gestagangur og fleiri við-
skiptavinir í flottu búðina hans.
„Það þekkja mig náttúrulega allir
í sveitinni, út um allt land, ég hef
fengið rosalega góðar viðtökur
frá öllum, fólk hrósar mér fyrir
það hvað búðin sé fín, hvað ég
hafi staðið mig.“

Engu er sóað hjá Gulla

Umhverfið í Sólheimum er óvið-
jafnanlegt og er mikið lagt upp-
úr endurvinnslu, þess vegna er
nytjamarcaðurinn mikið þarfa-
þing í svona samfélag.

„Allar vörur hérna eru notaðar

sem við fáum allstaðar frá. Það er
mikið hringt í mig. Þessi búð er
mjög þekkt í öllum sveitum út um
allt land, besta búðin á Íslandi má
nú segja. Ég tek við næstum öllu
nema fötum og vídeóspólum, ég
er hættur með það. Allir eru vel-
komnir, dót er velkomið. Svo er
bara að tala við mig ef eitthvað
kemur uppá í sambandi við búð-
ina eða markaðinn.“ Segir Gulli.

Búðin hans Gulla er opin á
milli 9:00-16:00 á virkum dög-
um og 11:30-16:00 um helgar,
en hægt er að hafa samband við
Gulla í síma 894-8655 eða á fa-
cebook síðunni Bókabúð Gulla
ef fólk vill gefa fallega eða nyt-
samlega hluti í góðan málstað.
Hafa ber í huga að plássíð er tak-
markað. Allur ágóði af söluinni
hjá Gulla rennur í sundlaugar-
sjóð. -HGL





Svæðisstjóri á Suðurlandi

EFLA leitar að öflugum stjórnanda til að leiða starfsemi EFLU á Suðurlandi. Höfuðstöðvar EFLU á Suðurlandi eru á Selfossi, en einnig er starfsstöð á Hellu.

STARFSSVIÐ SVÆÐISSTJÓRA

- Leiðir svæðisteymi EFLU á Suðurlandi, sem ber ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri
- Ábyrgð á markaðsmálum, mannauðsmálum, rekstri og þróun
- Leiðir stefnumótun og framþróun á svæðinu og er þátttakandi í stefnumótun og þróun EFLU í heild
- Tryggir samræmingu og samstarf svæðisins við EFLU í heild
- Sinnir sérfræðipjónustu við viðskiptavinum í samræmi við menntun og reynslu

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Leiðtogahæfileikar og mikil færni í mannlegum samskiptum
- Menntun sem nýtist í starfi, framhaldsnám á háskólastigi t.d. í verkfræði eða öðrum tæknigreinum er æskileg
- Reynsla og árangur í leiðandi hlutverkum, stjórnun og rekstri
- Stefnumótandi og árangursmiðuð hugsun
- Hæfileikar til að skapa sterka liðsheild

Ef þú leitar að afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðum starfsvettvangi í alþjóð-legu umhverfi og hressu samstarfsfólki þá gætum við átt samleið.

Öll starfsemi EFLU byggir á teymishugsun þar sem samvinna, þátttaka og sam-ábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði. Þannig vinnum við að fjölbreyttum verkefnum í teyrum þvert á svið og svæði. EFLA er jafnlaunavottað fyrirtæki með skýra jafnréttisstefnu og leitast við að jafna kynjahlutfall innan hinna ýmsu starfa hjá okkur. Í stjórnendateymi EFLU eru karlar í meirihluta og hvetjum við því önnur kyn sérstaklega til að sækja um.

Umsókn og kynningarbréf, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/laus-storf, fyrir **22. maí 2022**. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir sviðsstjóri Mannauðs (iss@efla.is).

HÚS í bæ HÚS í borg HÚS í sveit



Austurvegi 26, 800 Selfoss

Kerhólsskóli



Kerhólsskóli auglýsir eftir kennurum skólaárið 2022-2023.

Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur í frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðu og drífandi fólki með mikla þekkingu og áhuga á skólastarfi.

Eftirtaldir stöður eru lausar til umsóknar:

- **Stuðningskennari** með áherslu á íslensku sem annað mál, 100% starf.
- **List og verkgreinakennari** (smíði, textil, leir o.fl.), 100% starf
- **Umsjónarkennari á yngsta stig** ásamt heimilisfræðikennslu í öllum árgöngum, 100% starf.
- **Umsjónarkennari á mið stig** ásamt náttúrufræðikennslu á elsta stigi og verkefnastjórn Grænfána, 100% starf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu
- Frumkvæði og hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar.
- Góð íslenskukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélag.

Umsókn um störf skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólki af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2022.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri í síma 480-5520 og jona bjorg@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið jona bjorg@kerholsskoli.is

Vor í Hveragerði

Það var gott að vakna á mánudagsmorgni í fallega bænum mínum í 11 gráðu hita og glaðasólskini eftir stutt kuldakast dagana á undan. Á laugardegnum höfðu bæjarbúar gengið til kosninga og felldu hreinan meirihluta Sjálfstæðisflokksins til 16 ára. Þegar þetta er skrifað standa yfir viðræður Okkar Hveragerðis og Framsóknar um myndun nýs meirihluta.

Um leið og ég óska sigurvegurum kosninganna til hamingju með gæsilega framgöngu vil ég þakka fráfarandi bæjarstjóra, Aldís Hafsteinsdóttur fyrir mikilsvert framlag til bættrar ásjónar bæjarins. Hveragerðið mitt hefur satt að segja aldrei verið fallegra á að líta.

Nýs meirihluta bíður hins vegar brýnt verkefni – að styrkja innra starf stjórnsýslu og stofnana í bænum. Í því verkefni tel ég mikilvægt að líta sérstaklega til eftirfarandi þátta:

- Starfsfólk hvers sveitarfélags er fyrst og síðast mannaauður en ekki kostnaðarliður. Kjarabætur lykilstarfsmanna

í láglaunastéttum eru þannig ekki stórslys heldur gríðarlegt fagnaðarefni.

- Þróun atvinnumála skyldi nálgast með því að móta framtíðarsýn og stefnu í samvinnu við vini okkar í nágrannasveitarfélögunum en ekki láta duga að taka vel á móti þeim sem tilfallandi banka upp á.
- Hlutverk bæjarstjórnar skyldi ávallt vera að skapa íbúum styðjandi samfélag um nýsköpun og frumkvöðlastarf – en aldrei að leggja stein í götu þeirra.
- Nauðsynlegt er að virkja mannauð innan raða sitjandi bæjarfulltrúa þvert á flokka.
- Mikilvægt er að tryggja bæjarfulltrúum aðgengi að bestu fánlegu upplýsingum og svigrúm til ígrundunar í hverju máli.

Ekki efast ég um að nýr meirihluti sjái fyrir sér að vera vak-



inn og sofinn yfir verkefnum og hagsmunum Hveragerðinga næstu fjögur árin. Það er gott. Mest er þó um vert að gera ekki einungis sitt allra besta sjálfur heldur bera einnig kennsl á mannauðinn í stofnunum bæjarins og treysta og fagna faglegu sjálfræði þess úrvals sem þar hefur valist til starfa.

Megi allar góðar vættir fylgja nýjum meirihluta Hveragerðis-þegar okkur öllum til heilla.

Soffía Valdimars,
Hveragerðingur og lektor við
Félagsvísindasvið Háskóla
Íslands.

Lofa skal það sem vel er gert

Það virðist vinsælt nú um stundir að berja á heilbrigðisferfi landsmanna og hallmæla því við hvert tækifæri. Ég vil til mótvægis því lýsa góðri reynslu minni af þjónustu heilbrigðisferfisins undanfarið, án þess þó að kasta rýr á upplifun þeirra sem hafa aðra sögu að segja. Því engin tvö tilvik eru nákvæmlega eins, sem berast á borð heilbrigðisstarfsfólks, og ekkert kerfi er án hnökra.

Í upphafi þessa árs greindist ég með krabbamein á raddböndunum en misserin þar á undan hafði lækni Landspítalans fylgst reglulega með ástandi þeirra. Það kom sér afar vel að meinið greindist á forstigi og hafði ekki dreift sér út til annarra vefja líkamans. Eftir tvær vikur var komin áætlun um meðferð og þá hófst afar vandað kynningarstarf og upplýsingaviðtöl við lækna og hjúkrunarfræðinga

á hinum ýmsum sviðum. Við tók geislameðferð alla virka daga í röð í 35 skipti. Allt gekk það eftir sem fagfólkið hafði sagt mér um meðferðina fyrirfram. Á meðan á henni stóð var stöðugt fylgst með líðan minni og eftirlit og upplýsingaflæði var samfellt. Að meðferð lokinni tók við eftirlit af hálfu lækna og hjúkrunarfólks. Allur þessi ferill gekk fullkomlega snurðulaust og allar tímasetningar stóðust fullkomlega. Fyrir nokkrum dögum voru raddböndin mynduð og þar var ekki að sjá nokkur ummerki eftir krabbameinið. Engin lyfjameðferð og að svo stöddu ekki talin þörf á frekari meðferð. Ég verð síðan í stöðugu eftirliti hjá lækni Landspítalans, fyrst á tveggja mánaða fresti síðar með lengra millibili og alls í fimm ár. Framkoma lækna á Landspítalanum og hjúkrunarfólks á geisladeildinni var einstak-



lega fagleg og vinsamleg. Viðmótið og elskulegheitin munu varðveitast í huga mér og fjölskyldu minnar um ókomna tíð, og allt þetta fólk var greinilega þrautþjálfað í sínum viðtæku og vandasömu verkefnum. Gangi þeim allt í hagin.

Sveinn Runólfsson,
fyrrverandi landgræðslustjóri.

Vorsýning á bókasafninu í Hveragerði

Jakob Árnason er um þessar mundir að sýna 19 olíuverk í bókasafni Hveragerðis. Myndefnið er eins og í fyrri sýningum Jakobs sótt í náttúru landsins, Jakob er að mestu sjálfmenntaður í málalistinni, sem hann hefur stundað í 15 ár en síðustu árin hefur hann sótt námskeið hjá Myndlistaskóla Kópavogs, auk annara stytri námskeiða.

Jakob er búsettur í Hveragerði og er félagi í Myndlistarfélagi Árnesinga og myndlistar-

félaginu Litka. Hann hefur tekið þátt í 5 samsýningum en þetta er hans 3. einkasýning. Sýningin

er opin á opnunartíma bókasafnsins og stendur allavega út maí mánuð.



Grillvagninn sér um veitingarnar

EIGUM VIÐ AÐ RÆÐA MÁLIN YFIR BORGARA?

Við bjóðum í hádegisveislu miðvikudaginn
25. maí í verslun BYKO milli 12 og 14.

Sölumenn byggingavöru verða á staðnum
milli 12 og 18 og sitja fyrir svörum



20%
afsláttur
25.-29. maí



BLÁR BOSCH



CLT einingahús



Klæðningar



Álguggar



Timburgluggar



Stálgrindarhús

LEIKUR

Taktu þátt í laufléttum leik

Klipptu út þennan part og skilaðu í BYKO Selfoss þegar þú kemur í hádegisborgarann hjá okkur, miðvikudaginn 25. maí milli 12 og 14. Þá áttu möguleika á að vinna þetta glæsilega Napoleon rafmagnsgrill að verðmæti **49.895 kr.**

Nafn: _____ Sími: _____

Netfang: _____



Með því að haka í boxið gefur þú BYKO leyfi til að senda þér markaðsefni á vegum BYKO á skráð netfang hér fyrir ofan. Hægt er að breyta skráningu eða afskrá sig af listanum hvenær sem er með því að smella á viðeigandi hlekk neðst í hverjum pósti eða hafa samband við okkur á byko@byko.is. Persónuverndarstefna BYKO má finna á www.byko.is/personuverndarstefna



**GLEÐILEGT
SUMAR!**

SAMAN Í
60 ÁR **BYKO**

Vélamenn og meiraprófsbílstjórar

Þjótandi ehf. óskar eftir vélamönnum með vinnuvélaréttindi og bílstjórum með meirapróf. Erum með fjölbreytt verkefni og góða verkefnastöðu.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Upplýsingar í síma 893-9190 eða á tölvupósti tjotandi@simnet.is



Íþróttamiðstöðin Borg

Við leitum að þjónustulunduðu fólki í sumarstarf frá 1. júní til 21. ágúst. (lágmarksaldur er 18 ára.)

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgreiðslu og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þrif.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálp og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.

HÆFNISKRÖFUR

- Lágmarksaldur 18 ár.
- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Dugnaður, stundvísi og samviskusemi.
- Þurfa að standast námskeið í skyndihjálp og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns Íþróttamiðstöðvarinnar Borg á netfangið rut@gogg.is.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2022
Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir í síma 899-8841.

Takk fyrir

Alda Pálsdóttir

Bæjarfulltrúi D-listans í Hveragerði



Friðrik Sigurbjörnsson

Bæjarfulltrúi D-listans í Hveragerði



Síðastliðin 16 ár höfum við í D-listanum farið með meirihluta við stjórn bæjarins á mesta uppbyggingatíma í sögu Hveragerðisbæjar. Íbúum og íbúðum hefur fjölgað gríðarlega og uppbygging innviða hefur verið í takt við þá aukningu, atvinnutækifærum fjölgað og framund-

an eru mörg spennandi tækifæri sem við bæjarfulltrúar D-listanum höfum unnið að síðustu ár.

Frá því að framboðslisti D-listans var kynntur í mars og til kjördags höfðum við framboðendur listans lagt nótt við dag við að kynna það sem við höfðum gert á liðnu kjörtímabili og kynnt okkar stefnumál til næstu fjögurra ára. Í kosningarátunni lögðum við áherslu á málefnið. Við höldum okkar hefðbundnu viðburði, hringdum og ræddum við fólk á förnum vegi og heimsóttum þau öflug fyrirtæki sem eru í sveitarfélaginu.

Við erum afskaplega stolt af þessum hópi framboðenda D-listans og okkar stóra neti stuðningsmanna, við unnum saman sem ein heild. Þrátt fyrir allt þetta tapaðist meirihlut-

inn og augljóst að kjósendur í Hveragerði vildu breytingar. Vissulega svekkjandi niðurstaða, en svona virkar lýðræðið og við tökum því.

Horfum til framtíðar

Framundan er spennandi kjörtímabil með krefjandi áskorunum. Við þá 572 Hvergerðinga sem kusu D-listann segjum við, takk fyrir stuðninginn! Við munum leggja okkur fram við að koma áfram þeim málum sem við lögðum áherslu á í kosningarátunni og við munum veita þeim sem munu fara með stjórn bæjarins mikið aðhald.

Við óskum O-listanum og Framsókn til hamingju með þeirra árangur í kosningunum og okkur hlakkar til samstarfsins á komandi kjörtímabili.

Fjölbrautaskóli Suðurlands í fimm skóla úrslit

Síðastliðinn vetur hafa nemendur í landafræði unnið verkefni þar sem þeir taka fyrir vandamál sem tengist nærumhverfi þeirra og hafinu. Þeir þurfa að rannsaka vandamálið og reyna að finna leiðir til að leysa það eða fjalla um það á gagnrýnni hátt. Mörg frábær verkefni hafa verið unnin á báðum öllum þar sem hannaðar hafa verið heimasíður, gerðar skoðanakannanir, búnir til hlaðvarpsþættir, samdar fréttageinar og ótal margt annað áhugvert. Nemendum hefur svo gefist tækifæri til að senda verkefni sín í samkeppni sem Landvernd stendur fyrir og kallast Umhverfisfréttafólk. Það er í raun stór samkeppni sem gefur tækifæri á að kynna sér umhverfismál og koma á fram-

færi til almennings. Verkefnið er rekið í 44 löndum um allan heim.

Á dögunum fór fram verðlaunaafhending fyrir bestu verkefni og er gaman að segja frá því að Fjölbrautaskóli Suðurlands komst í fimm skóla úrslit. Það voru þau Bjarni Már Stefánsson og Kolbrún Rósa Gunnarsdóttir sem áttu verkefnið sem komst í úrslit. Það kallast Langreyður í Skötubótinni. Þau rannsökuðu hvað verður um hvali sem reka á land og skrifuðu um það frétt sem birtist í Dagsskránni, fréttablaði Suðurlands, í vetur. Auk þess skrifuðu þau ítarlega greinargerð þar sem þau fjölluðu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvernig verkefnið þeirra tengist þeim.



Að lokum sigraði þó Tækni-skólinn með verkefnið Grænó-pólý-grænir puttar. Engu að síður er þetta glæsilegur árangur hjá nemendum Fjölbrautaskóla Suðurlands.

FSU/hek/jöz

Listsýning opnuð í matsal ML

Eftir hádegismat 9. maí var opnuð listasýning í matsal Menntaskólans að Laugarvatni. Þar höfðu nemendur í myndlistaráfanga komið upp verkum eftir sig á þartilgerðum sýningarveggjum. Einnig voru þrjár stórar samstarfsmyndir þar sem nokkrir nemendur tóku sig saman og máluðu saman mynd. Voru þetta myndir með þeim sem snérust um skólalífið.

Heiða byrjaði að kynna myndirnar og segja frá því sem hægt var að sjá. Eftir góða kynningu hjá henni kynnti Leó upptökuáfanga og fékk nemendur eitt í einu til að kynna sín lokaverkefni og voru síðan verk þeirra spiluð eitt af öðru við góðar undirtektir. Eftir það gekk fólk um og skoðaði á sín-

um hraða myndir og hlustaði á lögin.

Heiða og Leó voru mjög stolt af nemendum sínum og verkum þeirra. Þetta eru algjörir snill-

ingar! Og rætt var að fá að hafa þessar myndir lengur til að lífga upp á matsalinn.

Menntaskólinn að Laugarvatni



ÞÉR ER BOÐIÐ Í SUMARGLEÐI Í LYFJU SELFOSSI 24. MAÍ

Okkur langar að bjóða þér í endurbætta Lyfju Selfossi, hjá okkur færð þú allt sem þú þarft fyrir heilbrigði og vellíðan. Við leggjum áherslu á þekkingu, gæðavörur og persónulega þjónustu.

20% AFSLÁTTUR

- af öllum húð- og snyrtivörum
- af öllum vítamínum

Kynningar á lífrænum húðvörum frá Mádara og frönsku húðlækningarvörunum La Roche Posay og Vichy frá kl. 15.

Veglegir kaupaukar og léttar veitingar í boði.

Komdu og fagnaðu með okkur.

